

## **Þýska 3 (ÞÝS2A04)**

### **Háskólabrú**

#### **Áfangalýsing**

Viðfangsefni fyrri áfanga er rifjað upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu og sögu þýskumælandi landa. Textar verða smám saman lengri og þyngri og nemendur eru þjálfaðir meira í að lesa rauntexa á þýsku. Orðaforði er aukinn, nemendur þjálfast í nýjum málfræðiatríðum og að mestu er lokið við að fara yfir grundvallarþætti þýska málkerfisins. Frásagnir í nútíð og núliðinni tíð eru æfðar munnlega og skriflega og þurfa nemendur í auknum mæli að tjá sig munnlega í tímum. Nemendur læra að tala um áhugamál sín og heilsu, halda áfram að læra um þýska menningu. Nemendur þjálfast í að lesa smásögur á þýsku og einfalda skáldsögu á þýsku og leysa ýmis verkefni út frá henni. Stuðst verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem tekið er mið af markmiðum áfangans. Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli, og á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Námsefnið er með fjölbreyttum hætti, verkefnablöð frá kennara, efni á kennslukerfi, tónlist, myndbönd, leikir og ýmislegt efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær þýskumælandi menningarheimi og eflir menningarlæsi nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

#### **Forkröfur**

Þýska 2.

#### **Prep**

Áfanginn er á 2. þrepi.

#### **Einingafjöldi**

4 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

#### **Lokamarkmið áfangans**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans
- grundvallarþáttum þýsks málkerfis

- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem þýska er töluð sem móðurmál og þekki helstu samskiptavenju.

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- fylgjast með frásögnum eða samtölum um almenn efni eða sérhæfðari málefni sem hann þekkir þar sem talað er skýrt og áheyrilega
- lesa og skilja ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um almennt og sérhæfðara efni sem fjallað er um í áfanganum og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangurinn er með lestrinum hverju sinni
- fylgja söguþræði í einföldum eða einfölduðum bókmenntatextum
- taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- segja frá á skýran hátt í nútíð og núliðinni tíð og halda stutta kynningu á undirbúnu efni með því að beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt
- skrifa samfellda texta um ýmis efni sem hann þekkir, t.d. mannlýsingar, lýsingar á stöðum, atburðum og umhverfi og geta betur en áður dregið ályktanir og tjáð eigin skoðanir
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi
- tjá sig í mæltu og rituðu máli, sýni fram á skilning á formgerð og byggingu texta og sé meðvitaðri en áður um muninn á þessum málsmiðum
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál og nota viðeigandi málfar.

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fylgjast með frásögnum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er mjög kunnuglegt
- afla sér ýmissa upplýsinga úr mæltu og rituðu máli, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í námi og starfi
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum og/eða einföldum rauntextum af ýmsu tagi og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- lesa skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína
- takast á við flestar algengar aðstæður í almennum samskiptum og geta almennt bjargað sér á málinu
- segja frá eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- miðla á einfaldan hátt efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á í ræðu og riti
- skrifa um hugðarefni sín og áhugamál, ýmis málefni og atburði, ímyndaða eða raunverulega, í núliðinni tíð og nútíð
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd, blaðagrein, eða sögu.

## **Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.